

Stjörnugrís hf  
Saltvík 1  
162 Reykjavík

Reykjavík, 28.10.2024  
UST202401-233/K.K.  
08.12.02

## Efni: Reglubundið eftirlit þann 30. ágúst 2024 - Stjörnugrís að Melum

Þann 30. ágúst 2024 fór fram reglubundið eftirlit í Stjörnugrís að Melum. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

### Staða eldri frávika

- Í gr. 2.8 í starfsleyfinu kemur fram að safnþrær skulu vera yfirbyggðar, þéttar og þannig frá þeim gengið að ekki leki úr þeim í umhverfið. Fremri þróin er ekki yfirbyggð. Ekki er gerð krafa um yfirbyggða safnþró í núgildandi starfsleyfi og **frávikinu því lokið**.
- Í gr. 2.14 í starfsleyfinu kemur fram að bundið slitlag með niðurföllum skuli vera við dyr þar sem afhending dýra fer fram. Eitt af húsunum uppfyllir ekki þessar kröfur. Ekki er gerð krafa um bundið slitlag í núgildandi starfsleyfi og **frávikinu því lokið**.
- Ófullnægjandi árekstrarvarnir eru við olútanka á lóð, frávik frá 42. gr. reglugerðar 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi. Árekstrarvörnum var ábótavant við einn tank sem áður var notaður til kyndingar.

### Ein ábending var sett fram í eftirlitinu er varðar:

- Rekstraraðila var bent á að skoða hversu mörg livestock unit eru á búinu skv nýrri evrópureglugerð IED2.

### Sjö frávik komu fram er varða:

- Gr. 2.1 í starfsleyfi. Rekstraraðili skal setja sér umhverfismarkmið og starfa samkvæmt þeim. Umhverfismarkmiðin skulu liggja fyrir við útgáfu leyfisins. Rekstraraðili hefur ekki sett sér umhverfismarkmið
- Gr. 11 í reglugerð nr. 851/2002 um grænt bókhald. Grænt bókhald fyrir árið 2023 barst eftir 1. maí 2024. **Fráviki lokið**.

3. Gr. 2 í reglugerð 990/2008 um útstreymisbókhald. Útstreymisbókhaldi fyrir árið 2023 var skilað eftir þann 1. maí 2024. **Fráviki lokið.**
4. Gr. 4.6.1 í Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB)2017/302 um bestu, fánlegu tækni (BAT), vegna þéttbærs eldis alifugla og svína. Til þess að skorpan hafi áhrif verður hún að vera þykk, það má ekki hreyfa við henni og hún verður að hylja allt yfirborð fljótandi húsdýraáburðarins. Eftir að lagið hefur myndast er fyllt á geymsluna undir yfirborði hennar til að komast hjá því að brjóta það. Rekstraraðili fyllir enn á tankinn ofanfrá sem veldur gati í skorpunni.
5. Gr. 2.4 í starfsleyfi. Rekstraraðila er skylt að sinna viðhaldi á mannvirkjum og búnaði. Tankur fyrir blauthluta svínamykjunnar er ryðgaður og hætta á að hann gefi sig.
6. Gr. 38. Liður b. í lögum 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og BAT24 í framkvæmdarákvörðun framkvæmdarstjórnar (ESB) 2017/302 um bestu fánlegu tækni (BAT) vegna þéttbærs eldis alifugla og svína. Rekstraraðilar skulu nota bestu aðgengilegu tækni. Besta fánlega tækni er að vakta heildarmagn köfnunarefnis og fosfórs, sem er losað sem úrgangsefni í húsdýraáburði með a) útreikningi með því að nota massajöfnuð, eða b) mat með því að nota greiningu á heildarinnihaldi köfnunarefnis og fosfórs í húsdýraáburði. Tíðni a) eða b) er einu sinni á ári fyrir hvern flokk dýra. Rekstraraðili hefur ekki skilað inn niðurstöðum þessarar vöktunar.
7. Gr. 38. Liður b. í lögum 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og BAT25 í framkvæmdarákvörðun framkvæmdarstjórnar (ESB) 2017/302 um bestu fánlegu tækni (BAT) vegna þéttbærs eldis alifugla og svína. Rekstraraðilar skulu nota bestu aðgengilegu tækni. Besta fánlega tækni er að vakta losun ammóníaks með því að nota: a) mat með því að nota massajöfnuð eða b) útreikningur með því að mæla ammoníakstyrkinn og hraða loftræstingarinnar eða c) mat með því að nota losunarstuðla. Tíðni er einu sinni á ári fyrir hvern flokk dýra fyrir a) og c) en í hvert sinn sem umtalsverðar breytingar verða fyrir b). Rekstraraðili hefur ekki skilað inn niðurstöðum þessarar vöktunar.

**Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 19. nóvember 2024.**

Virðingarfyllst

Kristín Kröyer  
sérfræðingur

Guðbjörg Stella Árnadóttir  
sérfræðingur